

Guðmundur Karl Ásbjörnsson listmálari

Guðmundur Karl Ásbjörnsson er fæddur á Bildudal 21. desember 1938. Foreldrar hans Ásbjörn Stefánsson, læknir og kona hans Ásdís Guðmundsdóttir. Dvaldist hann til 7 ára aldurs á Húsavík og kom þá þegar fram hjá honum mikill áhugi fyrir teiknun og málun. Fékk hann þá þegar löngun til að túlka fegurð íslenskrar náttúru. Hann vann í 4 ár að skólagöngu lokinni sem bankaritari hjá Landsbanka Íslands og stundaði jafnframt nám við Myndlistarskólann í Reykjavík og kvöldnámskeið hjá Handíða- og Myndlistaskólanum ásamt einkatímum í teikningu og listmálun. Haustið 1960 hélt Guðmundur Karl til Ítalíu og hóf nám í ACCADEMIA DI BELLI ARTI E LICEO ARTISTICO í Flórenz. Voru mörg verk hans tekin fyrir safn skólans og voru þau sýnd menntamálaráðherra Ítalíu er hann heimsótti skólann, sem dæmi um góð verk gerð þar. Haustið 1961 var honum svo úthlutaður námsstyrkur frá Ítalska menntamálaráðuneytinu. Guðmundur Karl útskrifaðist úr nefndum skóla að loknu 4 ára námi. Haustið 1965 hélt hann til Spáns og hóf nám í málverkavíðgerðum hjá prófessor Emmanuel Grau Más í Barcelona, sem er einn þekktasti maðurinn í heiminum í þessari grein. Var hann einn þeirra, sem gerðu við málverkið af hinni „heilögu kvöldmáltíð“ eftir Leonardo da Vinci, en sem kunnugt er, stórskemmdist það málverk í heimsstyrjöldinni síðari. Guðmundur Karl lauk námi hjá prófessornum vorið 1966 með góðum vitnisburði. Þóttu víðgerðir þar er hann hafði innt af höndum óaðfinnanlegar. Að námi loknu fór Guðmundur Karl til Íslands. Hann opnaði fyrstu einkasýninguna í Bogasal Þjóðminjasafnsins vorið 1966 og vakti hún mikla athygli. Skömmu síðar sýndi hann nokkur málverk að Hótel Varðborg, Akureyri. Næsta einkasýning hans var að Lækjarsteig 2 (Klúbburinn) árið 1969. Sama ár var sýning í Stapa, Ytri Njarðvík. Árið 1971 hélt hann fyrstu einkasýningu sína erlendis í boði borgarstjórnarinnar í Mülheim/Markgreifalandi í V-Þýskalandi. Vakti sýning þessi af íslenskum og þýskum landslagsmálverkum hrifningu og fékk góða dóma frá listgagnrýnendum. Næsta sýning þar á eftir var haldin í Keflavík árið 1973 á vegum björgunarfélagsins Staðks. Árið 1975 var svo sýning að Kjarvalsstöðum þar sem sýnd voru 92 málverk. Einnig sýning í Reykjavík í nóvember 1981. Guðmundur Karl var einn af stofnendum myndlistarfélagsins og tók þátt í öllum samsýningum félagsins. Hann tók einnig þátt í samsýningu hafnfirskra málara í Svíþjóð og München/V-Þýskalandi á vegum Deutsches Kulturwerk.

Árið 1965 var Guðmundi boðið að gerast meðlimur hins konunglega listaklúbbs (REAL CIRCULO ARTISTICO) í Barcelona og er hann síðan meðlimur hans.

Guðmundur Karl er kvæntur Elisabeth Hangartner Zandomeni en þau giftust í Flórenz.

Guðmundur Karl málar í „figurativum“ stíl. Hann hefur ferðast mjög mikið og kynnt sér málverkasöfn og listsýningar í mörgum löndum. Nokkur málverk eftir hann eru í einkasöfnum erlendis.

-E.H.Z.

Guðmundur Karl

Málverkasýning að Kjarvalsstöðum

7. - 23. maí 1983

1. Obereggenen (vatnsl.)
2. Reykjavíkurhöfn (olía)
3. Keilir (vatnsl.)
4. Bátar (olía)
5. Frá Vatnsleysuströnd (vatnsl.)
6. Frá Heiðmörk (vatnsl.)
7. Hrafnabjörg (vatnsl.)
8. Tunglskin (vatnsl.)
9. Frá Hafnarfirði (olía)
10. Í Svartaskógi (vatnsl.)
11. Vetrarsól (olía)
12. Frá Suður Þýskalandi (olía-einkaeign)
13. Haustlitir (olía-einkaeign)
14. Í Kárastaðanesi (vatnsl.)
15. Hraun (olía)
16. Í Heiðmörk (vatnsl.)
17. Haustlitir (olía-einkaeign)
18. Kvöld í Heiðmörk (vatnsl.)
19. Vetur í hrauninu (vatnsl.)
20. Rofabarð (vatnsl.)
21. Við Krisuvíkurvegin (vatnsl.)
22. Esjan (vatnsl.)
23. Frá Þingvöllum (vatnsl.)
24. Arnarfell (vatnsl.)
25. Í Skiðadal (olía)
26. Frá Þingvöllum (vatnsl.)
27. Í Hvalfirði (vatnsl.)
28. Háagjá (olía)
29. Helgafell (vatnsl.)
30. Haustkvöld (olía)
31. Vetur við Silungapoll (vatnsl.)
32. Blóm (olía)
33. Helgafell (vatnsl.)
34. Hraunjaðar (olía)
35. Frá Laugarnesi (vatnsl.)
36. Í Svartaskógi (vatnsl.)
37. Frá Krisuvík (vatnsl.)
38. Úr Fljótshlíð (vatnsl.)
39. Við Þingvallavatn (olía)
40. Ármannsfell (vatnsl.)
41. Frá Reykjanesi (olía-einkaeign)
42. Frá Vatnsvík (vatnsl.)
43. Í Skiðadal (vatnsl.)
44. Úr Öxnadal (vatnsl.)
45. Foss í Merkurgljúfri (vatnsl.)
46. Silungapollur (vatnsl.)
47. Kvöld í Skiðadal (olía)
48. Haustkvöld við Þingvallavatn (vatnsl.)
49. Frá Þingvöllum (vatnsl.)
50. Kvöld í Hafnarfirði (olía)
51. Svarfaðardalur (vatnsl.)
52. Foss í Hellisheiði (vatnsl.)
53. Vetur (vatnsl.)
54. Við Krisuvíkurveg (olía)
55. Við Barónsstíg (vatnsl.)
56. Frá Námaskarði (vatnsl.)
57. Vetrarmorgunn (vatnsl.)
58. Við Kleifarvatn (vatnsl.)
59. Hvalfell (vatnsl.)
60. Hrafnabjörg (vatnsl.)
61. Hvalfjörður (olía)
62. Foss (vatnsl.)
63. Arnarfell (vatnsl.)
64. Kvöld (vatnsl.)
65. Í Fljótshlíð (vatnsl.)
66. Í Svartaskógi (olía-einkaeign)
67. Skiðadalur (vatnsl.)
68. Krisuvíkurfjöll (olía)
69. Við Þingvallavatn (vatnsl.)
70. Í Háugjá (vatnsl.)
71. Skógur (vatnsl.)
72. Skiðadalur (olía)
73. Við Kleifarvatn (vatnsl.)
74. Heiðmörk (vatnsl.)
75. Hrafnabjörg (vatnsl.)
76. Arnarfell (vatnsl.)
77. Þórisjökull (vatnsl.)
78. Múlakot (vatnsl.)
79. Helgafell (vatnsl.)
80. Heiðmörk (vatnsl.)
81. Við Kleifarvatn (vatnsl.)
82. Viðfell (vatnsl.)
83. Brennandi bátar (vatnsl.)
84. Úr Ölfusi (vatnsl.)
85. Eyjafjallajökull (vatnsl.)
86. Heiðmörk (vatnsl.)
87. Við Vatnsleysuströnd (vatnsl.)
88. Við Kleifarvatn (vatnsl.)
89. Kvöld við Kleifarvatn (vatnsl.)
90. Sumarnótt (vatnsl.)
91. Hvalfjörður (vatnsl.)
92. Vetrarmynd (vatnsl.)
93. Frá Þýskalandi (vatnsl.)
94. Brim (vatnsl.)
95. Tunglsljós (vatnsl.)